

DAGSKRÁ 191. fundar

stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 3 september 2009 kl. 18:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir; SBB, FH, BV, BI, BKr, SvB, VLF
Boðuð forföll: IGG

1. Fundargerð síðasta fundar.

2. Inntaka nýrra félaga

Daníel Kjartansson aukaaðild sp

Ægir Sævarsson sp

Þorkell Lárus Þorkellsson sp

3. Staðan í kjarasamningum

Farið yfir bréf frá hagfræðingi BSRB sem að beiðni LSS reiknaði út mismunandi vægi launhækkana í samningstilboði LN til LSS annars vegar og LN og Samflots hinsvegar.

Kjarasamningurinn við LN var felldur og deilunni vísað til Ríkissáttasemjara. Búið er að funda tvisar og ákvað ríkissáttasemjari að taka hlé og fá samstarfsnefndina til að klára mál sem liggja hjá henni. Á fundi nefndarinnar í dag var gerður samningur vegna álags á laun í sjúkraflugi, í samráði við trúnaðarmenn á Ake. Búið er að skipa nýja nefndarmenn frá LN í samstarfsnefnd.

4. Réttaróvissa

Flugstoðir hafa tilkynnt að þeir ætli ekki að endurnýja samning um brunavarnir við SHS vegna Reykjavíkurlflugvallar. Brunamálastjóri segir að lög um brunavarnir gildi um flugvelli. Eins og kemur fram í umsögn BR við frumvarpinu.

LSS hefur rætt þetta mál við Umhverfisstjórnina í júní, þau ætla að skoða þessi mál.

Íslensk lög gildi. Slökkviliðsmenn á Keflavíkurlflugvelli hafa áhyggjur af mögulegri sameiningu við Flugstoðir. Farið yfir málið.

5. Störf stjórnar komandi vetrar.

- Stjórnarfundir dagsetningar 8. okt, 10. nóv, 10. des.
- Trúnaðarmanna námskeið 2. – 4. nóv.
- Fulltrúaráðsfundur 3. nóvember kl. 16:00.
- Þing LSS 16. – 17. apríl 2010.

6. Málefni Sjúkraflutninga.

- Ný reglugerð. Fundur með lögfræðingi Heilbrigðisráðuneytisins á morgun.
- Fyrirhugð breyting á flutningum á austurlandi.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri komu hingað til að ræða m.a. um sjúkraflutninga á sínu svæði og áhuga þeirra á að Brunavarnir Austurlands taki yfir sjúkraflutninga.

7. Málefni BÁ

VLF átti fund með KE mánudaginn 25. ágúst til að fara yfir atriði í samkomulagi frá því í vor. Einungis hluta af samkomulaginu er lokið.

8. Alþjóðamál

- EPSU Evrópsk samtök verkalýðsfélaga opinberra starfsmanna. Form fer á fund í Brussel 23. sept.

- b. EFFUA fundur 22. sept. 29. september verður fundur til að kynna rannsókn um krabbamein og slökkviliðsstarf. Umræður um könnun á tengsl milli streitu og starfs slökkviliðsmanna.

9. Þing BSRB

21. – 23. október. Ögmundur Jónasson hættir sem formaður. LSS á 4 fulltrúa. Ákveðið að senda formann, framkvæmdastjóra, vara-formann og ritara. Varamenn IGG og SvB.

10. Starfsendurhæfingarsjóður

Ákveðið í kjarasamningsgerðinni 2008 að stofna þennan sjóð. Reyna að byggja fólk upp og koma því út í atvinnulífið aftur.

11. Samstarfsnefnd LSS og FÍS

Haldinn fyrsti fundur mánudaginn 24. ágúst. Farið yfir ráðnigasamninga hlutastarfandi, fylgja reglugerð vegna nýráðninga, tímabundnar ráðningar, starfslýsingar, vinnureglur um meðferð viðhafnafatnaðar. Skoða reglugerðir um fatnað. Vinnureglur vegna fundarhalda. Læknisskoðun og þrekpróf. Miða við reglur frá SHS. Trúnaðarmannanámskeið hjá BSRB verður 2. – 4. nóv. Nauðsyn að senda á námskeiðið. Skólamál, menn sátir við ágæti fjarkennslu og námskeið fyrir stjórnendur.

12. Bakvaktir Á Blönduósi

Brunavarnir A-Húnavatnssýslu ákváðu að breyta bakvaktarfyrirkomulagi um áramót, mönnum fjölgað og bakvaktarlaun þeirra sem voru fyrir lækkuð. BAH hafa ekki svarað erindum LSS og málið er komið í lögfræðing til innheimtu.

13. Málefni Slökkviliðsins í Fjarðabyggð

LSS sendi lista í byrjun árs til mannauðsstjóra Fjarðarbyggðar yfir ágreiningsatriði. Búið er að leysa þau flest.

14. Önnur mál:

- a) Afmæli Starfsmannafélags BS. Varð 40 ára þann 25. febrúar. Haldið upp á það 4. sept í tengslum við Ljósanótt. Myndasýning ofl.
- b) Eldvarnaátakið. Verður 20. – 27. nóvember. Undirbúningur hafinn.

Fundi slitið 20:10